

Föstudaginn 16. nóvember 1990.

Nr. 205/1990. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Helga Marteini Gunnlaugssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Hylming. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Þór Vilhjálmsson.

Málinu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. maí 1990 og einnig af ákærvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Meðákærðu una héraðsdómi, og hefur málinu ekki verið áfrýjað, hvað þá varðar.

Af ákærvaldsins hálfu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar sakfellingu ákærða, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd og að brot hans verði talin varða við 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem í ákæru greinir.

Af ákærða hálfu er aðallega krafist sýknu, en til vara, að refsing verði felld niður eða hún höfð skilorðsbundin.

Í héraðsdómi er lýst kaupum ákærða á samtals 255 vindlingalengjum. Eins og á stóð, gat ákærða eigi dulist, að vindlingarnir hlytu að vera illa fengnir. Hefur hann því unnið til refsingar samkvæmt 254. gr. almennra hegningarlaga, eins og í ákæru segir.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákveðin fangelsi 30 daga, auk fésektar í ríkissjóð, 100.000 krónur. Fresta ber fullnustu fangelsisrefsingar ákærða og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest, hvað ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem í dómsorði segir.

Ákærði, Helgi Marteinn Gunnlaugsson, sæti fangelsi 30 daga og greiði 100.000 krónur í sekt til ríkissjóðs. Fresta ber fullnustu fangelsisrefsingar ákærða og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest, hvað ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. apríl 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 11. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 212-217/1990: Ákærvaldið gegn A, B, Helga Marteini Gunnlaugssyni, C, D og E, sem tekið var til dóms 3. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 21. febrúar sl., á hendur ákærðu, „A, B, Helga Marteini Gunnlaugssyni, Arahólum 4, kennitala 18.07.66-3839, C, D og E, öllum til heimilis í Reykjavík, fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík 1989, nema annars sé getið:

IX. Ákærða Helga Marteini er gefin að sök hylming með því að hafa keypt af meðákærðu B og C vindlingalengjurnar, svo sem rakið er í ákæruleiðum VII 1 og VIII 1-2, þrátt fyrir það að honum gæti ekki dulist vegna magns og tegundar vörunnar, kaupverðs hennar og þeirrar leyndar, sem yfir viðskiptunum hvíldi, að hennar hafði verið aflað með auðgunarbroti.

Telst háttsemi ákærðu samkvæmt ákæruleiðum VII-IX varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

— — —

VIII.

Ákærði D.

— — —

2.

Á fyrri hluta ársins 1989 tók ákærði í þrjú skipti við vindlingalengjum hjá meðákærðu B, C og E þrátt fyrir vitneskju um, að um þýfi væri að ræða. Ákærði seldi síðan meðákærða Helga Marteini í janúar 1989 25 vindlingalengjur í söluturninum Sentral, Hafnarstræti 20, hér í borg. Stuttu síðar seldi ákærði sama meðákærða 50 vindlingalengjur í bifreið við söluturninn Sentral að viðstöddum meðákærða B. Að lokum seldi ákærði meðákærða Helga Marteini stuttu eftir innbrotspjófnad þann, er um ræðir í IV. kafla ákærunnar, 6. lið, 180 vindlingalengjur á heimili meðákærða í Arahólum 4 hér í borg.

Framangreind háttsemi ákærða er sönnuð með játningum hans, sem eru í samræmi við önnur málgögn, og varðar atferlið við 254. gr. almennra hegningarlaga.

IX.

Ákærði Helgi Marteinn Gunnlaugsson hefur viðurkennt að hafa keypt á fyrri hluta ársins 1989 þær 255 vindlingalengjur, sem um ræðir í VIII. kafla ákærunnar, 2. lið, af meðákærða D, en eigi meðákærðu B og C, eins og í ákæru greinir. Áttu viðskiptin sér stað skömmu eftir innbrotin, sem vindlingalengnanna var aflað í, og svo sem áður greinir. Um sömu vindlingalengjur er að ræða í ákærukafla VII., 2. lið, og í VIII. kafla, 2. lið.

Ákærði var yfirheyrður um málið hjá rannsóknarlögreglu ríkisins þann 28. mars 1989. Ákærði skýrði svo frá, að meðákærði D hefði komið á tal við sig í söluturninn Sentral, Hafnarstræti 20, hér í borg, og boðið ákærða vindlingalengjur til kaups. Spurði ákærði meðákærða ekki, hvaðan tóbakið væri eða hvers vegna hann væri að selja það, en það orðið að samkomulagi, að hver vindlingalengja ætti að kosta kr. 1.000. Keypti ákærði 25 vindlingalengjur í fyrsta skiptið af meðákærða og greiddi honum kr. 25.000 í peningum fyrir. Fóru kaupin fram inni í vörulager söluturnsins, en meðákærði hafði vindlingana með sér í tösku.

Nokkrum dögum síðar kom ofangreindur meðákærði aftur í söluturninn og bauð ákærða tóbak til kaups. Kvaðst meðákærði vera með tóbak þetta úti í bifreið, sem var þar fyrir utan. Fór ákærði út í bifreiðina og settist í aftursæti hennar. Sýndi meðákærði ákærða þarna um 50 vindlingalengjur

af ýmsum tegundum, sem geymdar voru í íþróttatöskum. Samþykkti ákærði að kaupa vindlingana, og var um samið, að hann greiddi kr. 1.000 fyrir vindlingalengjuna eða samtals kr. 50.000, og greiddi ákærði þá fjárhæð í peningum. Ákærði spurði ekki, hvar þetta tóbak væri fengið, og fann ekkert athugavert við það, þótt kaupin færu fram þarna fyrir utan verslun ákærða.

Skömmu eftir þetta hringdi sami meðákærði heim til ákærða og bauð honum enn til kaups um 180 vindlingalengjur af ýmsum tegundum og vildi selja hverja lengju á kr. 1.000. Samþykkti ákærði að kaupa þetta magn af meðákærða, sem bauðst til að koma með vindlingalengjurnar heim til ákærða þá strax um kvöldið. Kom meðákærði klukkustund síðar og annar maður með honum, en sá hafði einnig verið með meðákærða, er ákærði keypti vindlingalengjurnar fyrir utan söluturn sinn greint sinn. Samkvæmt gögnum málsins mun þar hafa verið um að ræða meðákærða B. Voru mennirnir með tóbakið í tveimur pappakössum og tveimur kössum, alls 180 lengjur af ýmsum vindlingategundum. Greiddi ákærði kr. 69.000 í peningum, en ætlaði að borga afganginn, kr. 114.000, síðar. Ákærði spurði ekki, hvaðan þetta tóbak væri, þó svo að hluti þess væri í lausum pökkum af vindlungum og vindlum. Fór ákærði með tóbakið niður í söluturn sinn og var búinn að selja það, er yfirheyrslan fór fram. Eftir 2 til 3 daga kom meðákærði niður í söluturn ákærða til að innheimta eftirstöðvar skuldarnar. Sýndi ákærði honum Dagblaðið Vísi inni á „lager“ í söluturninum, en þar var skýrt frá þjófnaði á tóbaki úr verslun hér í borg, og spurði, hvort hann hefði séð þessa frétt. Sagði meðákærði þá: „Þú hefur þá séð þetta í blaðinu“, og fór ákærða þá að gruna, að þetta tóbak, sem hann hafði keypt, væri úr innbroti þessu. Spurði ákærði ekkert frekar út í þetta, þar sem hann vildi ekkert frekar um þetta vita. Greiddi ákærði meðákærða kr. 50.000 með peningum og síðar kr. 2.000, og kvaðst ákærði því skulda kr. 63.000, er yfirheyrslan átti sér stað. Ákærði segir það hafa hvarflað að sér, að kaupin á tóbakinu hefðu ekki verið eðlileg, en ekki fengið grunsemdir um, að það væri stolið, fyrr en hann sá fréttina í Dagblaðinu Vísi og bar hana undir framangreindan meðákærða. Jafnframt grunaði ákærða þá, að hann hefði verið að kaupa stolið tóbak í tvö fyrri skiptin. Jafnframt vissi ákærði, að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er með einkasölu á tóbaki hérlandis, og var varningurinn merktur þeim aðila. Vildi ákærði ekki gera neitt úr málinu þá, þar sem hann vissi, að þeir peningar, sem hann var búinn að greiða, væru þá tapaðir.

Fyrir dómi hefur ákærði játað að hafa keypt það tóbak, sem í VIII. kafla ákæru, 2. lið, greinir, og kveður ákærði kaupin hafa farið fram á fyrri hluta ársins 1989, að því er ákærða minnir. Kveðst ákærði hafa keypt tóbakið af meðákærða D, en ekki meðákærðu B og C, eins og í ákæru

greinir. Ákærði kveðst ekki hafa hugsað út í það, hvernig vindlingalengjurnar voru fengnar, er hann keypti þær, en farið að gruna, að ekki væri allt með felldu, er hann hafi lesið frétt í DV um þjófnað á vindlingum úr verslun í Reykjavík.

Ákærði D kveðst hafa selt meðákærða Helga Marteini umræddar vindlingalengjur greind skipti. Kveðst ákærði ekki hafa sagt Helga Marteini, með hvaða hætti hann hefði fengið tóbakið, en gert ráð fyrir, að hann vissi, að um þýfi væri að ræða. Hefur ákærði D skýrt frá einstökum kaupum á sama hátt og ákærði Helgi Marteinn.

Svo sem rakið hefur verið, hefur ákærði Helgi Marteinn játað að hafa keypt samtals 255 vindlingalengjur af meðákærða D í þrjú skipti á fyrri hluta ársins 1989. Fóru fyrstu viðskiptin fram inni á vörulager söluturns ákærða, í annað skiptið áttu þau sér stað í bifreið, sem meðákærði var í fyrir utan söluturninn, og í hið þriðja á heimili ákærða. Ákærði, sem rak verslun í umræddum söluturni, vissi, að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er lögum samkvæmt með einkasöluleyfi á sölu tóbaks. Ákærði keypti vindlingalengjurnar á talsvert lægra verði en útsöluverð Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins sagði til um og hagnaðist því á viðskiptum þessum.

Ákærði hefur borið, að hann hafi ekki farið að gruna, að eigi væri allt með felldu varðandi viðskipti þessi, fyrr en hann las frétt í dagblaði um, að stolið hefði verið talsverðu magni af tóbaki úr verslun hér í borg, og kveður ákærði það hafa verið skömmu eftir síðustu viðskipti sín við meðákærða D.

Varhugavert þykir að telja fyllilega sannað gegn neitun ákærða og með hliðsjón af þeim framburði meðákærða D, að hann hafi ekki greint ákærða frá því, með hverjum hætti vindlingalengnanna var aflað, að ákærði hafi með háttsemi sinni brotið gegn 254. gr. almennra hegningarlaga. Á hinn bóginn þykir ákærði með atferli sínu hafa gerst sekur um stórkostlegt gáleysi með kaupum sínum á vindlingalengjunum og þar með brotið gegn 263. gr. sömu laga. Var verjanda gefinn kostur á að reifa málið einnig með tilliti til þess, að háttsemi ákærða varðaði við þá lagagrein, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974, og vörn þar af leiðandi eigi ábótavant að því leyti.

Í ákæru er ákærði sagður hafa keypt umræddar vindlingalengjur af meðákærðu B og C. Ákærði keypti hins vegar vindlingalengjurnar af meðákærða D. Hefur ákærði leiðrétt þetta við meðferð málsins og vörn verið flutt af hálfu verjanda hans með tilliti til þess, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Þá er ljóst, eins og áður hefur verið rakið, að um sömu vindlingalengjur er að ræða í VII. kafla ákæru, 1. lið, og í VIII. kafla ákæru, 2. lið.

Jafnframt er upplýst, að ákærði keypti ekki hljómmagnara þann, sem

í VIII. kafla ákæru, 1. lið, greinir. Ber því að sýkna hann af þeirri háttsemi.

— — —

Ákærði Helgi Marteinn hefur þrívægis gengist undir sektargreiðslu í dómi vegna umferðarlagabrota, en eigi sætt neinum öðrum refsingum.

— — —

Refsingar ákærðu Helga Marteins og D verða einnig metnar með tilliti til ofangreindrar lagagreinar, og þykir refsing ákærða Helga Marteins hæfilega ákveðin sekt til ríkissjóðs, að fjárhæð kr. 100.000, og refsing ákærða D með hliðsjón af sakaferli hans þykir hæfileg fangelsi 4 mánuði. Komi 40 daga varðhald í stað sektar ákærða Helga Marteins, greiði hann hana eigi innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa.

— — —

Ákærði Helgi Marteinn verður dæmdur til að greiða verjanda sínum, Björgvin Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 20.000. Annan sakarkostnað greiði ákærðu A, B, C og E óskipt að 7/8 hlutum, en ákærðu Helgi Marteinn og D óskipt að 1/8 hluta.

D ó m s o r ð:

— — —

Ákærði Helgi Marteinn Gunnlaugsson greiði kr. 100.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi 40 daga.

— — —

Ákærði Helgi Marteinn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000, en annan sakarkostnað greiði ákærðu A, B, C og E óskipt að 7/8 hlutum, en ákærðu Helgi Marteinn og D óskipt að 1/8 hluta.
